

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar vegna Dallands.

Skipulagsstofnun staðfesti 28. júní 2019 breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 sem samþykkt var í bæjarstjórn 29. maí 2019.

Í breytingunni felst að frístundabyggð 526-F á tveimur skikum vestan Dals í landi Dallands, samtals 2,1 ha, er breytt í landbúnaðarsvæði 526-L. Á svæðinu er stefnt að því að reisa íbúðarhús/starfsmannahús í tengslum við landbúnaðarstarfsemi.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 28. júní 2019.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 12. júlí 2019